

Innra mat Lundarskóla

matsáætlun og matsskýrsla Lundarskóla 2013-2014

Um innra mat í skólum segir m.a. í grunnskólalögum "Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg vinnubrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður innra mats skal nýta til umbóta í skólastarfi að höfðu samráði við skólaráð.

Matsáætlun 2013 - 2014

Matsverkefni	Hvernig á að meta	Hver sér um matið	Þátttakendur	Hvenær á að meta	Lokið
Göngudagur	SVÓT greining	Umsjónarmaður verkefnis	Allt starfsfólk	Október 2013	x
Fjölgreindarleikar	SVÓT greining	Umsjónarmaður verkefnis	Allt starfsfólk	Október 2013	x
SMT-agastefna	Matsblað	Stjórnendur	Kennarar	8. október 2013	x
Litlu jól	SVÓT greining	Hátíðarnefnd	Allt starfsfólk	Janúar 2014	x
Árshátíð	SVÓT greining	Hátíðarnefnd	Allt starfsfólk	Mars 2014	x
Mat á skólastarfi	Skólapúlsinn	Deildarstjóri eldri deildar	Nemendur	Allt skólaárið	x
Mat á skólastarfi	Skólapúlsinn	Deildarstjóri eldri deildar	Foreldrar	Allt skólaárið	x
Mat á skólastarfi	Skólapúlsinn	Deildarstjóri eldri deildar	Starfsmenn	Allt skólaárið	x
Skólaþróunarhópar	Umræða og skýrsla	Stjórnendur	Kennarar	Vor 2014	x

Byrjendalæsi	Umræða og skýrsla	Leiðtogahópur í B-læsi	Hópur úr B-læsi	Vor 2014	ólokið
AG vinna	Umræða og skýrsla	Deildarstjór eldri deildar	Leiðtogahópur	Vor 2014	x
Mat á námsáætlunum	Mat í námsáætlun	Kennarar	Kennarar	Vor 2014	x
Öryggis og jafnrétti	Umræða og skýrsla	Öryggis og jafnréttisnefnd	Öryggis og jafnréttisnefnd	Vor 2014	x

Niðurstöður úr innra mati:

Göngudagur í Lundarskóla var 28.ágúst. Almenn ánægja var með daginn og starfsfólk Lundarskóla óskar eftir að halda áfram með þennan dag. Mikilvægt er að hafa gönguleiðir við hæfi og getu nemenda. Skipulag og fyrirkomulag var í mjög gott.

Fjölgreindaleikar í Lundarskóla voru haldnir 4. og 5.september. Í mati kemur fram að undirbúningstími fyrir leikana var ekki nægilegur. Skilgreina þarf tímann sem á að fara til undirbúnings betur. Viðfangsefnin voru fjölbreytt að mati kennara og skipulagið gekk vel. E.t.v. væri gott að skilgreina hugmyndafræðina um fjölgreindir betur fyrir nemendum og fá hugmyndir að stöðvum frá nemendum í kjölfarið.

SMTer agastefna Lundarskóla og er SMT teymi starfandi við skólann. Teymið hittist hálfsmánaðarlega og fór m.a. yfir hvernig gengi að fylgja árshjólí skólans. Lundarskóli varð sjálfstæður SMT skóli þann 23.maí og þá var haldin sjálfstæðishátíð. Hátíðin gekk vel, skipulagið var gott og vel gekk að fara eftir því. Í framhaldi kom upp hugmynd um að halda áfram með svipaða vinnu í skólanum á hverju ári, þ.e. mynda og ljóðakeppni og jafnvel að fá eldri nemendur til að leika reglurnar og taka upp á klippa saman og sýna t.d. á skjánum í forstofunni. Með því er verið að vinna með sköpunarþáttinn úr Aðalnámskrá.

Í mati SMT teymisins kemur fram að auka þurfi upplýsingaflæði til kennara og annars starfsfólks og minna á hvað er framundan í SMT vinnu samkvæmt árshjólínu. Einnig þarf að fara yfir með kennurum/öðru starfsfólki hvernig á að skrá agabrot, mentormiða, í mentor strax að hausti. E.t.v. væri gott að fá teymi til að segja stuttlega frá því hvernig þau hafa unnið með einhvern ákveðin þátt úr árshjólínu með sínum nemendum. Hugmynd um að gera þetta á starfsmannafundum af og til yfir veturinn þannig að öll teymi segi frá minnst einu sinni. Hvað gekk vel og hvað hefði mátt betur fara. Mikilvægt er að kynna vel 100 miða leikinn í tíma fyrir starfsfólki og nemendum og einnig þarf SMT teymið að hrósa þeim sem vinna vel eftir SMT reglum og styðjast marvist við árshjólíð.

Litlu jól voru haldin 20.desember. Við mat á litlu jólum komu fram hugmyndir um að breyta skipulagi fyrir skólaárið 2014 – 2015. Hátíðarnefnd var falið að gera drög að breyttu skipulagi þar sem áhersla var lögð á að sameina litlu jóladaginn og stofujól. Hátíðarnefnd fór yfir skipulagið og hugmyndir að breyttu skipulagi verða kynntar að hausti 2014. Drög voru gerð að skipulagi sem er í stuttu máli sú að á næsta ári verði bara einn dagur undir stofujól og litlu jól. Þrískiptingin sem hefur verið heldur sér en nú verður einungis 1. bekkur með atriði, helgileik á sal, og síðan gengið kringum jólatré. Að því loknu færi hver árgangur í sína stofu og þar verði hátíðleg stund með umsjónarkennara. Hvað varðar sýningar hjá 3., 5., og 7. bekk var ákveðið að á næsta ári verði þær í tengslum við afmæli skólans sem verður í október nk.

Árshátíð Lundarskóla var 26. og 27. febrúar. Árshátíðin gekk vel og skipulagið var gott þar sem sama skipulag hefur verið í skólanum til fjölda ára. Einungis nokkur smávægileg tæknimál litu dagsins ljós. Fyrirhugað er að endurskoða skipulagið með tilliti til fjölda sýninga og fjölda daga. Á skóladagatali fyrir næsta skólaár verður einungis einn árshátíðardagur og allar sýningarnar á einum degi.

Skólapúlsinn er matstæki þar sem starfsfólk skólans, foreldrar og nemendur meta skólastarfið. Niðurstöður leiddu í ljós jákvæðar breytingar hafa átt sér stað í skólasamfélaginu. Öllu jafna var Lundarskóli í kringum landsmeðaltal í flestum þáttum skólastarfsins. Hér ræðir um allar kannanirnar þ.e. starfsmanna, foreldra og nemendakannanir. Stjórnun skólans fer vaxandi og jákvæð tengsl eru milli stjórnenda, starfsfólks, nemenda og foreldra. Frístund hefur átt undir högg að sækja og stjórnendur Lundarskóla fóru strax í umbótavinnu varðandi Frístund sem leiddi til umbóta og þróunar í þeim málum. Frístund flytur inn í skólann og áhersla verður lögð á skipulagt starf sem tekur mið af kennslufræðilegum þáttum, útivist og hreyfingu. Í byrjun skólaárs 2014-2015 munu stjórnendur venna frekar að umbótaáætlun með niðurstöður úr Skólapúlsinum til hliðsjónar.

Skólabróunarhópar í Lundarskóla miða að útiskóla og heilsuefingu.

Útiskólanefndin ræddi um hugmyndir varðandi útiskólastofuna í Naustaborgum og ákvörðun var tekin um að eyða ekki meiri vinnu í hana. Nefndin lagði áherslu á nærumhverfið og skólalóðina. Einnig komu fram hugmyndir um þróun á verkefni sem tengist leik nemenda í frímínútum og er þá horft til vinaliðaverkefnis. Sú hugmynd kom upp í tengslum við verkefnið að styðja við leiki nemenda í frímínútum og það gæti verið sniðugt ef hver bekkur kæmi sér upp sinni leikfangakistu í sinni stofu. Þangað gætu krakkarnir safnað leiktækjum sem hægt væri að nota á skólalóðinni.

Útiskólanefndin sá um að skipuleggja vettvangsdaga 2. og 3. júní sameiginlega fyrir 5. bekk og upp úr. Í apríl kom svo í ljós að 9. og 10. bekkur hefðu önnur plön svo þeir bekkir duttu út. Boðið var upp á 5 verkefni hvorn dag sem nemendur gátu valið á milli. Verkefnið gekk nokkuð vel í öllum aðalatriðum. Hinsvegar hefði verið gott að láta nemendur velja fyrr svo nefndin hefði meiri tíma til að skipuleggja umgjörðina betur.

Nefnd heilsueflandi grunnskóla sá um að styðja við heilsuefingu í skólanum. Innleiðing á heilsueflandi grunnskóla er nú á þriðja ári og því búið að taka fyrir þætti sem snúa að mataræði/tannheilsu, hreyfing/öryggi og nú síðast nærsamfélaginu. Þættirnir eru átta sem embætti Landlæknis gefur út og á næsta skólaári 2014-2015 á að taka fyrir heimilin og tengja þann þátt við fyrri þætti. Í vetur velti nefndin við fyrir sér hvernig væri hægt að tengja nærumhverfi við skólann og hvað fælist í því. Samhliða því að vinna með nýjan þátt ár hvert er ávallt unnið að þeim þáttum sem búið er að vinna með og byggja ofan á þá. Sl. vetur stóð nefndin fyrir og studdi við aukna hreyfingu starfsfólks sem tók þátt í verkefnum Göngum í skólann, Lífshlaupið og Hjólað í vinnuna. Þátttakan í þessum verkefnum hefur aukist töluvert á milli ára.

Aðalanámskrá grunnskóla (AG vinna) var undir stjórn nefndar í Lundarskóla sem sá um innleiðingu á nýrri aðalnámsrá grunnskóla. Veigamikil starf var í höndum nefndarinnar þar sem meginviðfangsefni hópsins var Lykilhæfni. Hópurinn gerði könnun meðal kennara um lykilhæfni og mat og setti hópurinn saman umræðuhópa þvert á árganga til að ræða þessi mál. Niðurstöður úr umræðunum voru á þann veg að það ætti að meta lykilhæfni í öllum árgöngum, en ekki endilega að meta alla þætti og að nemendur ættu að fá námsmat í lok hvers skólaárs. Á grundvelli niðurstaðna vann hópurinn áfram að skipulagi og áframhaldandi vinnu. Lykilhæfnin var svo innleidd í leiðsagnarmatið í mars skv. framkvæðaáætlun og hvert teymi átti að koma sér saman um 2 þætti lykilhæfni í leiðsagnarmati. Öll teymi völdu: *sjálfstæði* og *samvinnu* og

18.6.2014

ábyrgð og mat á eigin námi. Í maí var sérstökum fundartíma varið í umræður og mat á vinnunni við Lykilhæfina sem gefin var í Leiðsagnarmati í mars. Niðurstöður þeirra umræðna voru í meginatriðum þær að það var mjög misjafnt hvað kennarar lögðu til grundvallar matinu og flestum fannst það of huglægt og vilja fá gátlista til að geta fylgt nemendum betur eftir. Það kom einnig fram í umræðum að foreldrar áttuðu sig ekki á lykilhæfninni í leiðsagnarmatinu. Vinna hópsins var kynnt á kennarafundi 11. júní 2014 og í framhaldi var ákveðið að hópurinn verður eins skipaður næsta vetur en jafnframt var auglýst eftir kennara af yngsta stigi til að taka þátt í vinnunni.

Símenntun og starfsþróun var að mestu á ábyrgð starfsmanna. Lundarskóli stóð fyrir símenntun og starfsþróun 13. og 14. ágúst 2013 fyrir kennara. Einnig var námskeið fyrir skólalíða og stuðningsfulltrúa á vegum Símevjar í ágúst. Kennurum Lundarskóla stóð til boða að vera í starfsþróunarhópum og nýta þá vinnu sem hluta af símenntun og starfsþróun. Í starfsþróunarsamtölum starfsmanna við stjórnendur í mars 2014 gerðu kennara grein fyrir áætluninni sinni og skiluðu í rafrænu formi inn á læst svæði skólans á vordögum 2014.

Námsáætlanir kennara í Lundarskóla voru metnar á vordögum og var þeim skilað í rafrænu formi inn á læst svæði skólans nú á vordögum 2014. Þetta var í fyrsta skipti sem Lundarskóli gerði námsáætlanir í ákveðnu formi fyrir hverja grein og hvern árgang strax að hausti. Allar námsáætlanirnar voru gerðar með fyrirvara um breytingar. Á vordögum voru áætlunirnar metnar og matið skráð inn í sama skjal. Næsta skólaár verða námsáætlanir skólans byrtar á heimasíðu skólans eins og aðalnámskrá grunnskóla kveður á um.

Umbætur og þróun fyrir skólaárið 2015 2016:

Aukin vellíðan nemenda, árangur og ánægja í námi eru áherslupættir sem Lundarskóli miðar að. Í Lundarskóla er lögð áhersla á nýja Aðalnámskrá grunnskóla, SMT skólafærni, foreldrasamstarf, fjölbreytta kennsluhætti, námsmat/frammistöðumat, heilsueflingu, þróunarstarf, faglegt samstarf starfsfólks, samstarf milli skólastiga, skipulagða fundi, og aukið samstarf og gleði meðal starfsfólks.

Í samstarfsáætlun/skorkorti skólans ásamt Starfsþróunar og símenntunaráætlun speglast áherslur sem skólinn miðar að. Samstarfsáætlun/skorkort fyrir skólaárið 2014 – 2015 var unnið af stjórnendum vor 2014 og verður kynnt fyrir starfsfólki að hausti sama ár. Starfsþróunar og símenntunaráætlun fyrir starfsfólk Lundarskóla var gerð í byrjun júní 2014 og kynnt fyrir starfsfólki á starfsdögum 11. júní.

Matsáætlun fyrir skólaárið 2014 – 2015 verður gerð á haustdögum 2014. Innramatsnefnd verður skipuð í ágúst og mun nefndin sjá um að gera áætlunina ásamt því að kynna hafa fyrir starfsfólki Lundarskóla. Áætlunin verður unnin með hliðsjón af innra mati skólans ásamt niðurstöðum úr skólaúlsinum. Matsáætlunin verður gerð sýnileg á heimasíðu skólans í starfsáætlun Lundarskóla.

Matsáætlun og matsskýrsla unnin af stjórnendum Lundarskóla.